



# Áætlun um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi

Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi er ekki liðið í Menntaskólanum að Laugarvatni. Komi upp grunur um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi innan skólans skal tekið á málunum strax. Áætlun þessi skiptist í fjóra hluta:

1. Skilgreiningar
2. Forvarnir
3. Viðbragðsáætlun – nemendur
4. Viðbragðsáætlun - starfsfólk

Áætlunin var unnin vorið 2018, með breiðu samráði innan skólans. Formlega endurskoðun skal gera eftir þrjú ár, árið 2021. Ef ástæða þykir til þá skal gera breytingar fyrr. Áætlun sem þessi ætti að vera í sífelldri endurskoðun, með hliðsjón af þeirri reynslu sem skapast.

## 1. Skilgreiningar

Skólinn styðst við skilgreiningar á einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi sem koma fram í reglugerð nr 1009/2015, 3. grein:

**Einelti:** Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

**Kynbundin áreitni:** Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

**Kynferðisleg áreitni:** Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðg-andi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

**Ofbeldi:** Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handa-hófs-kennda sviptingu frelsis.

Dæmi um birtingarmyndir:

- Starf, hæfni og verk þolandans eru lítilsvirt
- Stríðni
- Hótanir
- Útilokun
- Líkamlegt ofbeldi
- Niðurlæging eða auðmýking t.d. vegna aldurs, kynferðis, kynhneigðar eða þjóðernis
- Niðurlægjandi eða lítilsvirðandi texti eða myndir í tölvupósti, á samskiptasíðum eða öðrum skriflegum sendingum
- Fjandskapur eða þögn þegar spurt er eða fitjað upp á samtali
- Óþægileg stríðni eða tilraun til fyndni á kostnað annarra
- Rógi eða meiðandi sögusögnum er komið af stað
- Útilokun frá félagslegum samskiptum
- Særandi athugasemdir



## 2. Forvarnir

Áhersla á jákvæð samskipti í skólasamfélaginu og skýr stefna um að einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi er sé ekki liðið er lykilþáttur í forvörnum. Það er því mikilvægt að efla vitund allra í skólasamfélaginu um jákvæð samskipti og að þau einkenni allt starf skólans. Í ML er lögð áhersla á að:

- Skólinn sé eftirsóttur vinnustaður fyrir nemendur og starfsfólk m.a. með:
  - hlýlegu og hvetjandi andrúmslofti þar sem gagnkvæm virðing er ríkjandi.
  - allir séu vakandi fyrir einelti og öðrum neikvæðum samskiptum og bregðist við á viðeigandi hátt.
- Stuðlað sé að fjölbreyttu og heilbrigðu félagslífi nemenda og starfsfólks m.a. með því að:
  - Sköpuð séu tækifæri og svigrúm til að sinna uppbyggilegu og jákvæðu félagslífi.
- Umræður og verkefni um jákvæð samskipti séu eðlilegur hluti af skólastarfi m.a. með því að:
  - Skýr stefna skólans sé kynnt sem víðast. Þar á meðal árlega á skólafundi sem haldinn er að hausti.
  - Verkefni í lífsleikni fjalli m.a. um einelti og samskipti.
  - Í kynjafræði sé m.a. fjallað um virðingu, mörk og heilbrigð samskipti.
  - Umsjónarkennarar stuðli að góðri bekkjarheild og taki samskipti fyrir í umsjónartímum.
  - Í tengslum við einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi fara oft af stað sögusagnir og ýmsar ályktanir eru dregnar. Slíkar kjaftasögur eru dæmi um neikvæð og óuppbyggileg samskipti. Það er liður í forvörnum að gera alla meðvitaða um skaðsemi slíkrar hegðunar. Það er erfitt að taka á sögusögnum þegar einstaka mál eru í brennidepli og því mikilvægt að þessi umræða eigi sér alltaf stað.
- Það er til mikið fræðsluefni um einelti, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni og ofbeldi. Slíkt efni á ávallt að vera sýnilegt í skólanum, t.d. á plaggötum, í bæklingum og með tölvupóstsendingum.
- Kennarar og starfsfólk á heimavist sé vakandi fyrir því að taka upp umræðu um jákvæð samskipti í hópum.
- Allir eru hvattir til þess að leita aðstoðar ef þeir upplifa einelti, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni og ofbeldi. Ábendingar gefnar um það hvert sé hægt að leita, svo sem til samskiptaráðs, umsjónarkennara, sálfræðings skólans eða hvers sem þau treysta fyrir líðan sinni og upplifun. Ef nemandinn og/eða sá sem hann leitar til líta svo á telja að ástæða sé til að upplýsa samskiptaráð þá skal það gert.
- Fylgst sé með líðan nemenda og starfsfólks, m.a. með:
  - Starfsmannasamtölum, umsjónarviðtölum og könnunum sjálfsmatsnefndar.



### 3. Viðbragðsáætlun - nemendur

Mikilvægt er að kennarar, nemendur og annað starfsfólk sé vakandi fyrir einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi. Verði einhver var við slíkt eða hafi vitneskju um að slíkt sé viðhaft gagnvart nemanda, eða upplifi það sjálf/sjálfur skal sá hinn sami upplýsa það til samskiptaráðs.

Í málum sem snúa að nemendum sitja í ráðinu:

- Náms- og starfsráðgjafi, sem leiðir hópinn
- Húsbóndi og húsfreyja á heimavist
- Jafnréttisfulltrúi

Nemandi getur beðið um að einstaklingur víki úr samskiptaráðinu við meðferð máls og einnig er tekið tillit til óska þeirra um að aðrir komi að málinu, t.d. umsjónarkennari. Reynt er að tryggja að starfsmenn sem koma að ferli máls séu ekki tengdir nemendum eða málinu persónulega.

Það getur verið mikill styrkur í því fyrir samskiptaráð að leita ráðgjafar og/eða aðstoðar fagaðila utan skólans við vinnslu mála.

Þó það sé brýnt að bregðast við þá getur verið gott að hafa í huga að fljótfernisleg viðbrögð eru varasöm. Hlutirnir skýrast gjarnan smám saman með yfirvegaðri nálgun. Mál geta verið í eðlilegum farvegi þó svo að samskiptaráð virðist, út á við, ekki vera að bregðast við með beinum hætti. Vegna trúnaðarskyldu er sjaldan unnt að upplýsa nákvæmlega um hver viðbrögðin eru. Þegar trúnaðaraðilar nemenda fá vitneskju um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi bregðast þeir við samkvæmt þessari viðbragðsáætlun.

Aðilum máls er gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og alla jafna er rætt við einn aðila í senn. Strax er lagt kapp á að koma í veg fyrir frekara einelti, áreitni eða ofbeldi. Einnig eru allir hlutaðeigandi aðstoðaðir eftir bestu getu við að vinna úr reynslunni og hugsanlegum afleiðingum. Þolendum og/eða gerendum er veittur stuðningur og aðhald, eftir eðli máls. Þeim er vísað á viðeigandi úrræði og sérfræðiaðstoð þegar svo ber undir. Einnig er þeim bent á lagaleg úrræði ef við á. Þegar um ólöggráða einstaklinga er að ráða ber að tilkynna ákveðin mál til Barnaverndar.

Sýnd er varfærni, nærgætni og virðing í allri nálgun, meðal annars með því að veita ekki óviðkomandi aðilum upplýsingar um mál. Í samráði við þann sem upplifir eineltið, kynferðislegu áreitnina, kynbundnu áreitnina eða ofbeldið er rætt við aðila sem geta veitt upplýsingar. Stundum getur verið gott að upplýsa ákveðna aðila t.d. foreldra, kennara eða annað starfsfólk en það er þá að sama skapi gert í samráði við nemanda.

Þar sem einelti, áreitni og ofbeldi snúast oft um samskipti er mikilvægt að aðilar að máli komi sjálfir með hugmyndir að viðbrögðum vegna vandans. Sum mál eru einfaldari en önnur og það er einstaklingsbundið hvernig fólk vinnur úr hlutunum. Trúnaðarsamtal getur stundum dugað til, á meðan önnur mál krefjast mikillar vinnu, ráðgjafar, aðgerða og eftirfylgni. Unnið er í málinu eins vel og unnt er, eins lengi og þurfa þykir.

Námsráðgjafi skráir niður allt sem tengist meðferð máls og heldur hlutaðeigandi nemendum upplýstum á meðan á meðferð máls stendur. Hann skráir niður allt sem tengist meðferð máls og heldur hlutaðeigandi upplýstum á meðan á meðferð máls stendur. Öll gögn eru trúnaðarmál og varðveitt samkvæmt því, m.a. með tilliti til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Kannað er eftir ákveðinn tíma (t.d. mánuði eftir að málið kom upp) hvort einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða ofbeldi hafi linnt og hvernig líðan aðila er. Málið er unnið áfram ef þörf krefur.



## 4. Viðbragðsáætlun - starfsfólk

Starfsmaður sem verður fyrir eða hefur vitneskju um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi skal tilkynna það til samskiptaráðs.

Þegar samskiptaráð fá vitneskju um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi er brugðist við samkvæmt þessari viðbragðsáætlun. Ef til þess kæmi að starfsmaður brjóti gegn nemanda skal einnig brugðist við samkvæmt þessari áætlun.

Í málum sem snúa að starfsfólki sitja í samskiptaráði:

- Skólameistari, sem leiðir hópinn
- Áfangastjóri
- Öryggisfulltrúi

Starfsmenn geta jafnframt leitað til trúnaðarmanns síns og/eða stéttarfélags. Ef yfirmaður er sakaður um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi, eða er þolandi slíks, verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði þess sem upplifir að á sér sé brotið á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir. Það sama gildir ef yfirmaður upplifir að á sér sé brotið. Aðilar máls geta óskað eftir því að einstaklingar stígi til hliðar úr samskiptaráði á meðan meðferð þeirra mála stendur yfir.

Aðilum máls er gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og alla jafna er rætt við einn aðila í senn. Strax er lagt kapp á að koma í veg fyrir frekara einelti, áreitni eða ofbeldi. Fólk er hvatt til að vinna úr reynslunni og hugsanlegum afleiðingum og leita sérfræðiaðstoðar ef þarf, t.d. hjá sálfræðingi. Einnig að leita lagalegs réttar síns, ef við á.

Alla jafna er rætt við einn aðila máls í senn. Gerð er hlutlaus athugun á málsatvikum. Rætt er við þá sem veitt geta upplýsingar um málið. Leitað er upplýsinga um tímasetningar og fengin gögn ef einhver eru, s.s. tölvupóstur, SMS-skilaboð eða annað. Yfirmaður skráir niður allt sem tengist meðferð máls og heldur hlutaðeigandi starfsfólki upplýstu á meðan á meðferð máls stendur, meðal annars með því að veita þeim aðgang að öllum upplýsingum og gögnum í málinu, að teknu tilliti til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Sýnd er varfærni, nærgætni og virðing í allri nálgun, meðal annars með því að veita ekki óviðkomandi aðilum upplýsingar um mál. Öll gögn eru trúnaðarmál og varðveitt samkvæmt því.

Þar sem einelti, áreitni og ofbeldi snúast oft um samskipti er mikilvægt að aðilar að máli komi sjálfir með hugmyndir að viðbrögðum vegna vandans. Sum mál eru einfaldari en önnur og það er einstaklingsbundið hvernig fólk vinnur úr hlutunum. Trúnaðarsamtal getur stundum dugað til, á meðan önnur mál krefjast mikillar vinnu, ráðgjafar, aðgerða og eftirfylgni. Einnig geta komið til breytingar á vinnustaðnum, vinnubrögðum eða vinnuskipulagi. Gerandi fær leiðsögn og aðvörun, hann gæti líka verið færður til í starfi.

Málinu er fylgt eftir og rætt við aðila þess að ákveðnum tíma liðnum. Fylgst er með samskiptum aðila málsins. Kannað er eftir ákveðinn tíma (t.d. mánuði eftir að málið kom upp) hvort einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða ofbeldi hafi linnt og hvernig líðan aðila er. Málið er unnið áfram ef þörf krefur. Láti gerandi ekki segjast leiðir það til uppsagnar hans úr starfi.

Þegar skólameistari lítur svo á að máli sé lokið af hans hálfu skal hann upplýsa hlutaðeigandi starfsmenn sem og samskiptaráð um það. Óski hlutaðeigandi starfsmenn eftir að fá skriflega staðfestingu á að málinu sé lokið af hálfu vinnuveitanda skal verða við þeirri beiðni enda berist honum slík beiðni innan sex mánaða frá því að hann upplýsti um málslok af sinni hálfu (sbr. reglugerð nr. 1009 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum).